

Ratað í gegnum hljóðheiminn

TÓNLIST

RAGNHEIÐUR
EIRÍKSDÓTTIR



Raftónlist

Muted – Empire ★★★★★

Tónlist eftir Bjarna Rafn Kjartansson. Textar eftir Ásdísi Maríu Viðarsdóttur, Fanneyju Ósk Þórisdóttur, Jófríði Ákadóttur og Steinunni Harðardóttur. Hljóðblöndun: Bjarni Rafn Kjartansson og José Diogo Neves. Tónjöfnun: José Diogo Neves. List á plötuumslagi: Steinunn Harðardóttir. Muted gefur út í ágúst 2018.

Bjarni Rafn Kjartansson hefur fengist við raftónlist af ýmsum toga síðan árið 2009. Hann gaf út sitt fyrsta lag á vormánuðum það ár þegar hann var enn búsettur í heimabæ sínum, Egilsstöðum. Tveimur mánuðum síðar tók hann svo þátt í tónlistarvinnustofu á listahátíðinni Lunga, sem haldin er ár hvert á Seyðisfirði, og það má segja að boltinn hafi ekkert hætt að rúlla síðan þá.



Prátt fyrir að hafa verið iðinn við kolann og gefið út fjöldann allan af smáskífum, stuttskífum og endurhljóðblöndunum fyrir aðra listamenn er *Empire* einungis önnur breiðskífa Muted. Inni á muted.bandcamp.com má finna mikið af því efni sem komið er út og það er gaman að bera saman og heyra hljóminn breytast og meitlast, og í



Ljósmynd/Bjarni Rafn Kjartansson

Iðinn Prátt fyrir að hafa verið iðinn við kolann og gefið út fjöldann allan af smáskífum, stuttskífum og endurhljóðblöndunum fyrir aðra listamenn er *Empire* einungis önnur breiðskífa Muted sem heitir réttu nafni Bjarni Rafn Kjartansson.

raun og veru sjálfan „Muted-hljóminn“ verða til. Á *Black & White EP* sem kemur út árið 2011 má greinilega heyra að þarna er eitt-hvað verulega spennandi á ferð. Á fyrstu breiðskífunni, *Muted World* sem kom út 2015 er svo enn greinilegra að þarna er raftónlistarmaður á ferð sem hljómar mjög frumlega, og er afskaplega tilbúinn til að setja mark sitt á heiminn.

En hvað er svo „Muted-hljómurinn“? Það hefur að minnsta kosti heilmikil áhrif að Bjarni vinnur mikið með Zoom-upptökutækið sitt og safnar þannig hljóðum sem hann vinnur svo áfram inn í lögin sín. Það býr til einhverja blöndu af mjög lífrænum heimi, en að sama skapi afar

dularfullum. Á fyrri breiðskífunni, *Muted World*, er meiri orka en jafnframt örlítið minni fókus, sem skrifast líklega bara á ungan tónlistarmann sem er mikið niðri fyrir og vill koma öllu að í einu. Lagið *Special place* sem Jófríður Ákadóttir söng er áberandi áheyrilegast og með þægilega stemningu sem skilaði sér í einhverri útvarpsspilun og það er einmitt þar sem margir heyrðu fyrst í *Muted*.

Það er frábært að bera *Muted World* og svo nýju plötuna, *Muted Empire*, saman og heyra hvaða risastökk verkefnið hefur tekið fram á við. Hljómurinn er allur meitlaðri, yfirvegaðri, og lagasmíðar eru komnar á nýjan og betri stað. Maður

finnur fyrir einhverjum slaka og ró sem höfundur er búinn að ná, og hann skilar því alla leið til hlustandans í gegnum tónlistina.

Þetta er samt engan veginn á kostnað spennunnar og ævintýranna, sem enn má greina og finna fyrir í lögunum sjálfum. Það er nefnilega auðvelt að gera sveimandi ambient tónlist svo rosalega „tjillaða“ að hún haldi ekki athygli. Það sé hreinlega allt svo hrikalega pollrólegt að tónlistin rennur bara milli fingra manns og maður nær engu tangarhaldi á neinu. *Muted* er dæmi um hið gagnstæða. Lögin eru vissulega „tjilluð“ en þau virka aldrei sem einhver ládeyða. Það er alveg hægt að láta plötuna rúlla í bak-

grunni meðan verið er að bjóða upp á eftirmiðdagste í stofunni, en á einhverjum tímamarki mun pottþétt einhver gestanna spyrja hvað sé verið að spila og allir fara að leggja við hlustir.

Það eru tvö sungin lög á hvorri hlið vínýlplötunnar: Á A-hlið er Jófríður aftur mætt í afbragðsfinu og dreymandi lagi og svo er framúrskarandi lag, *Núna*, sungið af Fanneyju Ósk Þórisdóttur. Á B-hliðinni heyrum við svo bæði í Ásdísi Maríu Viðarsdóttur og Steinunni Harðardóttur, sem kallar sig stundum Dj.flugvél og geimskip. Það verður eiginlega að koma fram líka að Steinunn málaði fram- og afturhlið plötuumslagsins og fyrir það eitt og sér er vínýlplatan mikil og góð fjárfesting því umslagði getur farið beint upp á vegg, svo fínt er það.

En aftur að tónlistinni á *Empire*: Söngkonurnar fjórar eru virkilega vel valdar og þrátt fyrir þeirra ólíku nálgun og mismunandi raddsvið og tíðni þá gengur allt hundrað prósent upp. Milli sungnu laganna eru svo ósungin lög, heklud úr einhverju ævintýragarni sem býr til lungamjúkt og notalegt teppi sem er afar auðvelt að vefja um hlustir sínar og kúra sig í sófanum. Raddirnar fjórar gegna samt mikilvægu hlutverki, því án þessara sterku kvenna væri einbeiting plötunnar mun minni og söngkonurnar virka því eins og fjórir vitir sem beina ljósum sínum í allar réttu áttirnar svo hlustandinn rati nú í gegnum hljóðheiminn heill á húfi.

Empire er góður gripur sem á fullt erindi til alls kyns hlustenda og hér er tvímælalaust einn okkar flinkasti raftónlistarmaður á ferð.

Fjórhjóladrifna fjölskyldan.

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5



Touareg Offroad.

3.0 TDI V6.
Verð 9.290.000 kr.



Tiguan Offroad.

Fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur.
Verð 5.790.000 kr.
Tilboðsverð 4.990.000 kr.



T-Roc.

Fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur.
Verð 4.590.000 kr.



Tiguan Allspace.

7 manna og rúmgóður.
Verð 7.635.000 kr.
Tilboðsverð 6.990.000 kr.

Vetrarpakki fylgir með í september.

Vetrardekk, dráttarkrókur og gúmmimotta í farangursrymi fylgir öllum nýjum jeppum og jeplingum í september.



Volkswagen